

Landgræðslan  
Sigurjón Einarsson  
Gunnarsholti  
851 Hella

Hafnarfjörður 10. októbar 2023  
Tilv. 2022-04-13-1490/2.3.1

Efni: Varðar bakkavörn við veiðihúsið á Sandvöllum við Héðinsfjarðarvatn

Í umsókn dagsettri 10. október síðastliðinn leitar Landgræðslan eftir framlengingu á heimild sem gefin var út af Fiskistofu 10. apríl 2022 til að setja niður varnargarð til varnar landbroti með trjádrumbum (rafmagnsstaurar) í fjöruborð við veiðihúsið á Sandvöllum við Héðinsfjarðarvatn (staður: 66.127211°, -18.785629°). Sú breyting hefur orðið á umsókninni að í stað þess að reka niður trjádrumba um einn metra í fjöruborðið verður sett malarefni sem vörn. Umsókninni fylgja jafnframt upplýsingar um framkvæmdina ásamt umsögn stjórnar Veiðifélags Héðinsfjarðar. Ekki fylgir með umsókn samþykki landeigenda. Ekki er talið að þessi framkvæmd hafi áhrif á lífríki vatnsins þar sem hún er ekki í vatninu sjálfu.

Í umsögn stjórnar Veiðifélags Héðinsfjarðar kemur m.a. fram: „*Veiðifélag Héðinsfjarðar gerir ekki athugasemd við gerð varnargarða gegn landbroti við veiðihúsið á Sandvöllum og mögulega efnistöku í varnargarðinn úr ósnum. Samþykkt með öllum atkvæðum stjórnarmanna.*“

Að teknu tilliti til eðlis framkvæmdarinnar og umsagnar Veiðifélags Héðinsfjarðar með vísan til 33. greinar laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði fellst Fiskistofa á að Landgræðslan setji niður varnargarð til varnar landbroti með malarefni í fjöruborð við veiðihúsið á Sandvöllum við Héðinsfjarðarvatn samkvæmt umsókn (staður: 66.127211°, -18.785629°). Fiskistofa leggur áherslu á að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum. Heimildin gildir til 1. apríl 2024.

Fiskistofa bendir á eftirfarandi:

- Uppfylla þarf lagaskilyrði gagnvart viðkomandi landeigendum áður er framkvæmd hefst.
- Framkvæmdir við veiðivötn kunna að vera háðar framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitafélags.
- Framkvæmdir innan friðlýstra svæða eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar.

Virðingarfyllst,  
Fiskistofa



Sumarliði Óskarsson  
Lax- og silungsveiðisvið

Svæði sem varnargarður við veiðihúsið á Sandvöllum við Héðinsfjarðarvatn nær yfir:  
Svæði byrjar: 66.127400°, -18.785849°  
Svæði endar: 66.126991°, -18.785257°  
Miðgildi svæðis: 66.127211°, -18.785629°